

Hvers vegna lokuðu Íslendingar augunum fyrir kreppueinkennum?

Það er að mörgu leyti undarlegt, að nú þegar íslenska þjóðarþúfið hefur orðið fyrir meira áfalli en nokkru sinni frá fyrri kreppuárum, eru margir sem telja sig hafa séð kreppuna fyrir. Formaður bankastjórnar Seðlabankans segist hafa tjáð ráðamönnum að engar líkur væru á því að bankarnir lifðu af. Ekki skal efast um að hann hafi sagt þetta, þó að um það hafi enn ekki fundist neinar skjállegar heimildir. Bankinn áttaði sig örugglega á því að staðan var mjög alvarleg.

Í ljósi þessa er edlilegt að velta því fyrir sér hvers vegna svo virðist sem ekki hafi verið gerðar neinar ráðstafanir til að búa þjóðarþúfið undir væntanlegt hrún. Seðlabankinn sjálfur keypti 75% hlut í Glitni og lánaði Kaupþingi háar fjárhæðir. Þessar ákvarðanir virðast hafa verið teknar í skyndingu. Hann átti einnig mikið af skuldabréfum sem gefin voru út af bönkunum. Þau eru nú verðlaus og Seðlabankinn því einnig gjaldþrota. Lengi var mikil andstaða í Seðlabankanum við að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, IMF. Auðvitað má afgangur um það núna hvers vegna ekki hafi verið staðið öðruvísi að málum með því að auðvelt sé að vera vitur eftir. Seðlabankinn var hins vegar forspár og vissi að 0% líkur voru á því að bankarnir kæmst í gegnum þessa erfiðu kreppu. Því er edlilegt að spurt sé hvernig bankinn bjó sig undir þetta óumflýjanlega þrot.

Erlendir spekingar

Seðlabankinn var ekki einn um að spá hrúni á Íslandi. Þvert á móti var varla hægt að opna svo erlent dagblað á fyrri hluta ársins 2008 að ekki væri spáð harðri lendingu fyrir íslenska hagkerfið. Eiginlega skar Seðlabankinn sig úr að því leyti að hann gaf sína spá ekki út opinberlega, ólíkt hinum erlendu aðilum.

Hrakspár erlendra sérfræðinga komu ekki fyrst fram árið 2008. Þvert á móti var það í mars 2006 sem Carsten Valgreen aðalhafgræðingur Danske bank, skrifaði rannsóknarskýrslu um uppsveifluna á Íslandi. Í skýrslunni sem nefndist *Geysir Crisis* voru dregnar upp dökkan horfur fyrir Ísland og rök færð fyrir því að niðursveifla væri óhjákvæmileg. Íslendingar tóku skýrslunni illa. Ekki vegna þess að þeir efuðust um að í henni gæti verið sannleikskorn, fremur að ef hún gæfi rétta mynd væri traust á íslenska bankakerfinu þrotið. Því var miklu þúfri eytt í að skýra það að ástandið væri ekki eins slæmt og Carsten gaf til kynna. Jafnframt var reynt að laga ýmislegt sem hann og fleiri töldu að væri að. Næstu tvö árin náðu Íslendingar að endurvinnna traust á alþjóðavettvangi, en á seinni hluta ársins 2007 var þó farið að syrta í alinn.

Ástæðan var sú að alþjóðleg bankakreppa var í uppsiglingu. Stórir alþjóðlegir bankar áttu í miklum vanda og víða um lönd komust peningastofnanir í þrot. Það átti við í Danmörku ekki síður en annars staðar, en nokkrir danskir bankar lögðu upp laupana árið 2008. Danske bank sjálfur mun líka vera illa staddur, en ekki er kunnugt um að Carsten og félagar hans hafi varað við því. Enda breytir það ekki varnaðarorðum þeirra gagnvart íslenska hagkerfinu.

Viðbrögð Íslendinga

Carsten Valgreen segir í grein í *Fréttablaðinu* 10. janúar 2009: „Á þessum tíma var ég orðlaus yfir viðbrögðum yfirvalda á Íslandi og þau sannfærðu mig um að hagkerfið stæði enn verr en ég hafði gert mér í hugarlund þegar verið var að skrifa skýrsluna. Þetta kom mér þannig fyrir sjónir að allir, þar með talið allir embættismenn, væru staðráðnir í að

taka ekki á ástandinu á yfirvegaðan og hlutlægan hátt.“ Þessi greining hans er örugglega að mörgu leyti rétt. Bankarnir héldu áfram að stækka og Kaupþing átti sín stærstu viðskipti sumarið 2007. Þau gengu reyndar til baka síðar en enginn ótti virtist vera við að stækka. Landsbankinn hóf starfrækslu Icesave reikninganna og fékk nánast einróma lof fyrir. Erlendar matsstofnanir töldu bankann styrkari en ella vegna þessara reikninga. Það voru því ekki bara Íslendingar sem sáu ekki það sem blasti við mörgum fyrirfram og eftirá við öllum.

Ekki má gleyma því að nú virðist svo sem ákveðnir aðilar tengdir bönkunum hafi ákveðið að veðja gegn krónunni. Þeir sáu kannski ekki hrúnið fyrir en gerðu sér grein fyrir veikri stöðu krónunnar og hugðust gagnast á henni með framvirkum samningum. Mikilvægt er að upplýst verði hverjir stóðu fyrir þessum veðmálum, ekki vegna þess að ljóst sé að þeir hafi gert eitthvað saknæmt, heldur fremur hvort hægt hefði verið að lesa eitthvað í hegðun þeirra og haga aðgerðum í samræmi við það meðan tími var enn til.

Hvað getum við lært?

Carsten segir einnig í grein sinni: „Viðbrögð íslenskra stjórnvalda í kjölfar kreppunnar voru mjög tilviljanakennd og svo virtist sem þau hefðu enga áætlan. Ég held að það hafi í raun og veru verið ástæða þess að önnur lönd töldu nauðsynlegt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mætti fyrstur á vettvang til að hafa yfirumsjón með nauðsynlegum aðgerðum. Það var ástæða þess að bresk stjórnvöld brugðust of hart við og frystu eignir íslensku bankanna. Því var einfaldlega ekki lengur treyst að íslensk stjórnvöld gætu brugðist við kreppunni og óttast var að alþjóðlegum

framhald á bls. 4

1 Hvers vegna vildu Íslendingar ekki hlusta á viðvaranir um slæma stöðu bankanna?

2 Hægt er að breyta sköttum með tvennu móti. Breyta skattprósentu eða persónufrádrætti.

3 Um áramót var hvort tveggja gert og niðurstaðan er sú að skattar flestra lækka.

4 Er hægt að treysta skynsemi almennings þegar kemur til kosninga?

Skattbyrði flestra lækkar á árinu 2009



Arnaldur Sölvi Kristjánsson
hagfræðingur

Rétt fyrir jól samþykkti Alþingi fjárlagafrumvarp fyrir árið 2009. Frumvarpið fól m.a. í sér að álagningarhlutfall staðgreiðslu hækkaði um 1,5 prósentustig. Aftur á móti hækkaði persónuafslátturinn um 24% vegna ákvarðana sem áður höfðu verið teknar. Breytingarnar fela því í sér að skattar verða annars vegar hækkaðir (hækkun staðgreiðsluhlutfalls) en hins vegar lækkaðir (hækkun persónuafsláttar, sem hækkar skattleysismörkin). Breytingarnar munu ekki hafa í för með sér aukna skattbyrði meginþorra einstaklinga, heldur þvert á móti mun þær leiða til lækka skatta flestra. Stefnumbreyting á síðustu tveimur árum markar tímamót í skattastefnu Íslendinga.

Íslenska skattkerfið

Núverandi staðgreiðslukerfi var tekið í notkun árið 1988 en þá var skattþrepum fækkað og margir frádráttarliðir settir í einn lið sem nefnist persónuafsláttur. Í staðgreiðslukerfinu er nú eitt skattþrep þar sem almenna skattprósentan er 37,2%. Allir skattgreiðendur fá þó 42 þús. kr. persónuafslátt á mánuði sem gerir það að verkum að ekki er greiddur skattur af tekjum undir 118 þús. kr. á mánuði. Persónuafslátturinn er að

fullu millifæranlegur milli hjóna og sambúðarfólks, þannig að ef einungis annar aðilinn er í launaðri vinnu fær hann tvöfaldan persónuafslátt. Þetta má sjá á mynd 1.

Í stighækkandi skattkerfi (*progressive tax system*), eins og í hinu íslenska, vex skattbyrði einstaklinga þegar tekjur aukast eins og sjá má á mynd 1. Þegar tekjur aukast á milli ára og skattþrep eða skattleysismörk uppfærast ekki í samræmi við launaþróun eykst skattbyrði, áhrifin kallast skattskriði (*fiscal drag*). Stjórnvöld geta því aukið skatttekjur sínar með því að láta skattleysismörk dragast aftur úr launaþróun. Ef skattleysismörk dragast þannig aftur úr launaþróun er skattkerfinu í raun breytt milli ára, þ.e. skattbyrði hækkar og tekjudreifingaráhrif skattsins breytast.

Viðsnúningur í skattastefnu

Frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp hefur skattbyrði aukist jafnt og þétt vegna skattskriðs. Árið 1985 var innheimtur tekjuskattur einstaklinga 5,5% af VLF, 9,7% árið 1995 og árið 2006 var hlutfallið komið upp í 14%¹. Það hefur oft komið fram að ástæðan fyrir aukningunni er að persónuafslátturinn jókst ekki í takt við launaþróun, auk þess sem álagningarhlutfallið hækkaði á fyrri hluta tímabilsins². Þrátt fyrir að staðgreiðsluhlutfallið hafi síðan lækkað jafnt og þétt frá árinu 1996 hefur það vegið þyngra á þeim tíma að persónuafsláttur hefur ekki hækkað í takt við tekjur. Nettó

Frá því að staðgreiðslukerfið var tekið upp hefur skattbyrði aukist jafnt og þétt vegna skattskriðs.

útkoman var þyngrri skattbyrði sem jókst mest hjá þeim sem lægri tekjur höfðu.

Árið 2007 varð hins vegar talsverð breyting á ofangreindri skattastefnu. Við undirritun kjarasamninga í árslok 2006 samþykkti ríkisstjórnin, að kröfu ASÍ, að persónuafsláttur skyldi fylgja verðlagi, fallið var frá 1% lækkun staðgreiðsluhlutfalls og persónuafsláttur í staðinn hækkaður um 3.000 kr. Við undirritun kjarasamninga í febrúar 2008 ákvað ríkisstjórnin 7.000 kr. hækkun persónuafsláttar umfram almenna verðlagshækkun á næstu þremur árum.


Á mynd 2 má sjá að persónuafsláttur jókst minna en laun og verðlag á tímabilinu 1995 til 2006. Á myndinni er sýnd hlutfallsleg breyting á milli ára á vísitölu launa, verðlagi og persónuafslátt. Á árunum 1995-2006 náði persónuafsláttur einungis í nokkur ár að aukast jafn mikið og verðlag, en laun hækkuðu mun meira. Árið 2007 jókst persónuafsláttur í fyrsta sinn meira en laun.

Áhrif skattabreytinga á skattbyrði

Í fjárlagafrumvarpinu sem samþykkt var fyrir áramót kom fram að frá 1. janúar í ár hækki staðgreiðsla um 1,35 prósentustig og hámarksútsvar um 0,25 prósentustig. Meðalútsvar hækkaði hins vegar einvörðungu um 0,13 prósentustig um áramótin, þar sem mörg sveitarfélög nýttu sér ekki leyfilega hækkun. Staðgreiðsluhlutfall hækkar því úr 35,72% í 37,2%. Í febrúar 2008 var ákveðið að árið 2009 skyldi persónuafsláttur hækka um 2.000 kr. umfram almenna verðlagssuppfærslu. Hækkun verðlags nam 18,1% á árinu 2008 og hækkaði persónuafsláttur um 6.171 kr. vegna verðlagssuppfærslu. Persónuafsláttur hækkaði því alls um 8.171 kr. um áramótin, eða um 24%. Skattleysismörkin hækkuðu úr 99 þús. kr. upp í 118 þús. kr. á mánuði, sem er 19% hækkun.

Á mynd 3 má sjá nettó útkomuna. Á myndinni er mismunur á skattbyrði

Mynd 2. Vöxtur launa, verðlags og persónuafsláttar



Persónuafsláttur hækkar meira en hækkun launa fyrst 2007. heimild: Forsætisráðuneytið, Hagstofa Íslands og Ríkisskattstjóri.

einstaklinga árið 2008 og 2009 sýndur. Neikvæð gildi þýða lækkun á skattbyrði í prósentustigum, jákvæð gildi þýða hækkun á skattbyrði.

Einstaklingar með tekjur undir skattleysismörkum halda óbreyttri skattbyrði, þ.e. 0%. Einstaklingar með tekjur á bilinu 100 til 574 þús. kr. á mánuði munu á næsta ári greiða lægra hlutfall tekna sinna í tekjuskatt. Lækkunin er mest hjá fólki með 120 þús. kr. í tekjur, um 5,5 prósentustig. Þeir munu fara úr 5,5% skattbyrði niður í 0%. Minnkun á skattbyrði fjarar síðan út eftir því sem tekjurnar eru hærri. Séu tekjur hærri en sem nemur 340 þús. kr. er minnkun á skattbyrði undir einu prósentustigi.


Einstaklingar með tekjur yfir 574 þús. kr. á mánuði munu greiða ívið herra

hlutfall tekna sinna í tekjuskatt. Aukningin er þó ekki mikil. Skattbyrði einstaklinga með 1,5 millj. kr. í mánaðartekjur hækkar um 0,9 prósentustig eða sem nemur um 13 þús. kr. á mánuði.

Meginþorri einstaklinga mun fá skattalækkun í ár. Einstaklingar með meðaltekjur, þ.e. á bilinu 300-400 þús. kr. á mánuði, munu þessu ári greiða í kringum einu prósentustigi minna í tekjuskatt. Um 90% framteljenda höfðu undir 574 þús. kr. í mánaðartekjur árið 2007 skv. staðtölum skatta frá Ríkisskattstjóra frá árinu 2007³. Af einstaklingum voru um 3% framteljenda með launatekjur yfir 574 þús. kr. á mánuði og 7% af hjónum og sambúðarfólki.

Tekið skal fram að í útreikningunum á mynd 3 er ekki tekið tillit til launabreytinga

Mynd 3. Breyting á skattbyrði einstaklinga frá 2008 til 2009



Það er því óhætt að fullyrða að breytingarnar um áramótin hafi í för með sér almenna skattlækkun en ekki skattthækkun.

á milli árunna 2008 og 2009. Þar sem gera má ráð fyrir samdrætti í hagkerfinu milli árunna eru líkur á skattskriði litlar. Það er því ólíklegt að hér sé verið að ofmeta áhrif skattalækkunarinnar vegna launaþróunar (sbr. umfjöllun að ofan).

Það er því óhætt að fullyrða að breytingarnar um áramótin hafi í för með sér almenna skattlækkun en ekki skattthækkun.

Lokaorð

Með breytingum sem gerðar voru á skattkerfinu frá og með 2007 var skattastefnu síðasta áratugar snúð við þar sem lækkun á skattprósentu var riflega fjármögnuð með því að láta persónuafslátt dragast aftur úr verðlags- og launaþróun. Breytingin hófst við gerð kjarasamninga í árslok 2006 og skrefið var stigið til fulls í ársbyrjun 2008.

Breytingar sem tóku gildi nú um áramótin staðfesta þetta enn frekar þar sem persónuafslátturinn var hækkaður um 24% og skattprósentan (álagningarhlutfall í staðgreiðslu) hækkað. Samandregið má því segja að tiltölulega lítill hluti skattgreiðenda, þ.e. þeir sem eru með yfir 600 þúsund krónur í mánaðarlaun, fær hóflega hækkun á skattbyrði. Skattbyrði meginþorra einstaklinga lækkar og á það mest við um fólk með lægri tekjur. Það er því villandi að kalla breytingarnar nú um áramótin almenna skattahækkun því skattgreiðslur lækka hjá þorra fólks. **V**

¹ OECD (2008). Revenue Statistics 1965-2007. (Paris: OECD), bls. 102.
² Edda Rós Karslédóttir og Rannveig Sigurðardóttir (1999). Skattkerfið: frá sjónarhóli launafólks (Reykjavík: Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og þjega); Friðrik Már Baldursson o.fl. (2008). „Íslenska skattkerfið: Samkeppnishæfni og skilvirkni.“ Skýrsla nefndar á vegum fjármálaráðuneytisins, 11. september 2008. Síðu 1. nóvember á <http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/advarskysrslur/Isenska-skattkerfid-samkeppnishafni-og-skilvirkni.pdf>; OECD (2005). Economic Surveys: Iceland (Paris: OECD); OECD (2008). Taxing Wages 2006-2007 (Paris: OECD); Stefán Ólafsson (2006). „Aukinn ójöfnuður á Íslandi“. í Stjórnmal og stjórnsýsla, 2 (2), bls. 129-156; Stefán Ólafsson (2007). „Skattastefna Íslendinga“. í Stjórnmal og stjórnsýsla, 3 (2), bls. 231-263.
³ Notast er við tekjuskatts- og útsvarstofn. Miðað var við mörkin 551 þús. kr. sem er 574 þús. kr. að frádregnum greiðslum í lífeyrissjóð (4% af tekjum) sem ekki eru skattskyldar.

framhald af bls. 1

lánnum yrði eytt í óraunhæf og röng stefnumál. Kannski er þetta rétt greining. Eini maðurinn sem veit þetta fyrir víst er formaður bankastjórnar Seðlabankans, og hann hefur ekki viljað upplýsa um málið.

Líklega er helsti lærdómurinn af bankakreppunni að Íslendingar verði að venja sig við opna og hreinskiptna umræðu, og sætta sig við að hið fornkveðna „glöggt er gests augað“ á við oftar en okkur líkar vel að heyra. Bankarnir sjálfir vildu ekki umræður af þessu tagi og þeir (eða eigendur þeirra)

áttu fjölmiðlana. Stjórnmalámennt, fyrr og nú, hafa viljað hindra umræðu um mál sem þeim líkaði ekki.

Því miður virðist mega rekja hluta vandans til þess hvernig staðið var að einkavæðingu bankanna árið 2003. Gagnrýni á það hefur of lengi verið sópað undir teppið. Kostir við einkavæðingu almennt liðu fyrir það að í stað þess að tryggja dreifða eignaraðild var ákveðnum aðilum tryggður forgangur. Fyrir það liður þjóðfélagið um okomin ár. **V**

Aðrir sálmar

Andans rósemi

Stjórnmalámennt hafa oft megnað vantrú á almenningi. Kannski er það þess vegna sem hér á landi er fulltrúalýðræði þar sem hópur manna er kosinn á þing til þess að taka ákvarðanir í smáu og stóru. Þessi hópur hefur betri tök á því en almenningur að kynna sér málin út í hörgul. Vantrú á almenningi er ekki ný af nálinni. Árið 1848 birtist grein í *Reykjavíkurbóstinum*. Þar sagði meðal annars: „Almenningur hefur yfirhöfuð ekki þekkingu á öðru en því sem liggur fyrir innan þeirra [svo] venjulega verkahring. Fari hann út fyrir þetta getur hann ekki áttað sig til hlítar, því mælir þeirrar þekkingar er þá þrotinn. Þar að auki er skynsemi þeirra sjaldan nógu æfð til þess að geta í samhengi hugsað um þau efni sem ekkert eiga skylt við þeirra vanalegu störf og sýslanir. Margur tálmi verður því á vegi þeirra, geðshræringar bera þá ofurlíði eða minnsta kosti leyfa þeim ekki þá andans rósemi sem á þarf að halda til þess að geta séð það sem á botninum liggur. Og loks ræður hliðsjón af eigin hagsmunum hjá öllum þorra manna svo miklu að af því eina atriði má oft marka hvað dómurinn sem þeir kveða upp muni réttur og áreiðanlegur.“ Um svipað leyti skrifaði Páll Melsteð til Jóns Sigurðssonar forseta: „Það verða amtmennirnir og einn eða tveir sýslumenn sem allt gera, bændurnir geta ekkert fyrstu árin nema hlýtt á af vankunnáttu eða einurðarleysi.“

Hér á landi hafa verið fáar þjóðaratkvæðagreiðslur. Tvívegis var kosið um áfengisbann og árið 1944 var kosið um sjálfstæði frá Dönum og stofnun lýðveldis. Síðan hefur ekki verið kosið um einstök mál. Skyndilega hefur áhugi á þjóðaratkvæðagreiðslum vaknað á ný. Sumir stjórnmalámennt telja ekki nóg að kjósa einu sinni um aðild að Evrópusambandinu heldur að það þurfi að gera minnst tvisvar. Ekki skal dregið úr nauðsyn þess að kjósa um aðild að ES. Nauðsynlegt er að menn láti geðshræringar eða þrönga eiginhagsmuni ekki ráða afstöðu sinni. Í engu máli er fremur þörf kunnáttu og andans rósemi og að menn láti heildarhagsmuni ráða sínu mati. Þörf er á upplýstri umræðu, kunnáttu og skynsemi. *bj*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Benedikt Jóhannesson
Útgefandi: Heimur hf., Borgartúni 23, 105 Rvík.
Sími: 512 7575. Myndsendir: 561 8646.
Netfang: visbending@heimur.is.
Prentun: Heimur. Upplag: 700 eintök.
Öll réttindi áskilin. © Ritid má ekki afrita án leyfis útgefanda.

Hvernig er hægt að græða á kreppu?

Þessi spurning virðist vera vinsæl þessa dagana eins vitlaus og hún hljómar. Einfalda svarið er að menn geti grætt mest á kreppunni með því að lifa hana af. *Harvard Business Review* gaf út sérstaka grein um málið og dreifði á Netinu, en hún mun birtast í febrúar útgáfu ritsins. Þar kemur fram að versta vörnin sé að gera ekkert. En jafnframt er ekki mælt með handahófslegum skyndiákvörðunum. Vegna óvissunnar um hve löng og djúp kreppan verður er líklegt að menn grípi til aðgerða sem ekki fylgja neinni áátlun, ráðast á rangan vanda eða taka of hart á þeim rétta. Loks er líklegt að í fátinu sjái fáir tækifærin sem í kreppunni kunnir að felast.

Horfist í augu við vandann

Aðalatriðið er að átta sig á því strax að ástandið er þess eðlis að það læknast ekki af sjálfu sér. Þess vegna er mjög mikilvægt að greina vandann og huga að lausnum. Þetta geta fyrirtæki gert með greiningafundum, með því að setja hóp á að finna hvernig á að taka á vandanum og huga að því hvar eigi að skera niður, en ekki síður horfa á hitt, hvar megi finna ný tækifæri. Aldrei má gleyma því að keppinautarnir eiga við sams konar vanda að etja og hér kann að gilda á endanum lögmálið um að hinir hæfustu lifi af.

Nokkur meginatriði

Í *HBR* er listi um þau atriði sem mestu skipti á þessum orlagatímum. Hann fylgir hér á eftir, en pláss leyfir ekki að farið sé djúpt í einstök atriði að þessu sinni.

- Mestu máli skiptir að lausafjárstaðan sé í lagi. Þess vegna verða menn að áætla lausafjárstöðuna og grípa til ráðstafana í tæka tíð ef í óefni stefnir.
- Gæta þess að einstakir viðskiptavinir skuldi ekki of mikið.
- Minnkið birgðir með samhæfingu innkaupa, framleiðslu- og sölufarla.
- Minnkið skuldir fyrirtækisins eins og hægt er.
- Aukið eiginfé.
- Haldið fjárfestum vel upplýstum.
- Takið til í öllum deildum. Setjið í gang áætlanir sem ekki gengi að nefna í góðæri.
- Finnið ódýrari verkferla.
- Sinnið viðskiptavinum vel. Leitið nýrra viðskiptavina og reynið að auka verðmæti vöru eða þjónustu til þeirra.
- Dragið úr langtímaverkefnum og leggið áherslu á þær deildir sem gefa tekjur strax.
- Seljið eignir sem ekkert gefa af sér eða snerta ekki kjarnastarfsemi. Lokið einingum sem tap er af. **V**